



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

24. jan. 2019 – Pistill nr. 47

Kæru Mývetningar nær og fjær. Um helgina er hið magnaða þorrablót Kvenfélags Mývatnssveitar sem að vanda er haldið í Skjólbrekku. Að sjálfsögðu er löngu uppselt og meira að segja biðlisti. Þarna ríkir metnaður því hápunktur þorrablótsins er að sjálfsögðu frumsamið leikrit þar sem horft er yfir síðasta ár í spéspegli. Er mikil tilhlökkun í gangi fyrir helgina. Vetur konungur er loksins kominn með sitt hvíta gull sem við fögnum mjög. Mývatnssveit er undur falleg yfir vetrartímann í vetrarstillum eins og ríkt hafa síðustu daga.

Lokið við uppbyggingu á Þeistareykjarvegi

Eins og kunnugt er hefur Landsvirkjun staðið fyrir uppbyggingu á Þeistareykjum á undanförunum árum. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun er nú áformað að ljúka uppbyggingu á Þeistareykjavegi þ.e. syðri hluta vegarins frá Þeistareykjastöð og að Hólasandsvegi í suðri. Af því tilefni samþykkti stjórn Landsvirkjunar heimild til þess að auglýsa útboð og fara í framhaldinu í framkvæmdir á Þeistareykjarvegi. Eru þetta einstaklega ánægjuleg tíðindi því þessi vegur verður mikil samgöngubót á svæðinu.

Fullnaðarhönnun á stækkun leikskólans

Fyrir sveitarstjórn lá fyrir forhönnun á stækkun og breytingum á leikskólanum YI. Samkvæmt teikningunum er viðbyggingin um 62 ferm. auk breytinga á núverandi húsnæði. Áætlaður kostnaður við viðbyggingu er um 25 m.kr. og breytingar við núverandi húsnæði um 15 m.kr.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að fullhanna stækkun leikskólans í samræmi við frumhönnunina.



Frá fundi um fráveitumál á Sel-Hótel í Mývatnssveit síðasta þriðjudag.

Fundað um fráveitumál – Heimsókn til Uddevalla

Á fundi sveitarstjórnar í gær fór sveitarstjóri yfir stöðu Umbótaáætlunar fráveitumála í Mývatnssveit sem gengur samkvæmt áætlun í samstarfi við Landgræðsluna. Hönnun á safntanki á Hólasandi er komin af stað en verið er að skoða aðferðarfræði við grófhreinsun á svartvatni. Haldinn var fundur með fráveituhópi sveitarfélagsins og rekstraraðila í vikunni þar sem farið var yfir stöðuna.

Sveitarfélagið er að undirbúa hönnun í grunnskóla, leikskóla og íþróttamiðstöð varðandi aðskilnað svartvatns og grávatns. Þá ætlar sveitarfélagið, Landgræðslan, verkfræðistofan Efla, heilbrigðis-eftirlitið, Umhverfisstofnun og jafnvel fleiri stofnanir að senda í mars fulltrúa sína til Uddevalla í Svíþjóð sem hefur verið í fararbroddi í þessari þróun undanfarin ár. Er ætlunin að kynna sér hvernig sveitarfélagið hefur þróað sín fráveitumál undanfarin

ár og eiga samtál við stofnanir og fleiri hagsmunaaðila.

Stefnumótun í ferðapjónustu verður hluti af heildarendurskoðun aðalskipulagsins

Sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu nefndar um stefnumótun í ferðapjónustu að móta stefnuna um ferðamál sem hluta af heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Ástæðurnar eru aðallega þessar:

- Ef vel er haldið á spöðunum gæti endurskoðunin tekið 18 mánuði meðan breyting á gildandi aðalskipulagi myndi líklega taka u.þ.b. 8-10 mánuði. Það er vegna þess að fyrir breytinguna þarf að hafa samráð við hagsmunaaðila og móta afstöðu til álitamála, sem tæki 3-4 mánuði, áður en sett er af stað ferli aðalskipulagsbreytingar sem tekur 5-6 mánuði. Það munar því ekki mjög miklu í tíma.
- Greinargerð gildandi aðalskipulags er sett upp „með gamla laginu“ þar sem mest öll stefnumörkun er beintengd landnotkunarflokkum. Ferðamál eru þess eðlis að þau snerta stefnu um margskonar landnotkun. Það er því ekki um það að ræða að hægt sé að stinga inn einum kafla og láta annað að mestu ósnert. Stefnu um ferðamál þyrfti að útfæra með breytingu á landnotkun í mörgum flokkum og þar með þyrfti að breyta öðrum köflum líka.
- Þar sem ferðamálin hafa svo marga snertifleti við samfélag, atvinnulíf, náttúruvernd og hvaðeina annað, þá er best að geta rætt skipulagsmálin í heild við íbúa og aðra hagsmunaaðila, eins og eðlilegt væri að gera við endurskoðun, þar sem allt er undir.

Talið er að breyting á gildandi aðalskipulagi væri til lítills gagns umfram endurskoðunina en mynda valda óþarfa flækjum og kostnaði. Í staðinn þyrfti að vinda sér í að móta verkáætlun fyrir endurskoðun aðalskipulagsins í samráði við ráðgjafa sem að verkefninu koma. Áætlunin er síðan send Skipulagsstofnun til að fá staðfestingu á greiðslu úr skipulagssjóði. Þriðjungur kostnaðarþáttöku Skipulagssjóðs er greiddur þegar lýsing hefur verið kynnt.



Helga Sveinbjörnsdóttir byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar og Guðjón Vesteinsson skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

Samstarf Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar í skipulags- og byggingarmálum

Á fundi sveitarstjórnar var samþykktur samningur um gagnkvæma verktöku vegna vinnu byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa fyrir Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit. Um áramótin lét Bjarni Reykjalin af störfum sem skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Hann mun hins vegar starfa áfram til næsta vors í sérverkefnum, m.a. í endurskoðun aðalskiplags beggja sveitarfélaga. Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit stefna að því að halda áfram samstarfi sínu í skipulags- og byggingarmálum. Guðjón Vesteinsson er starfandi skipulagsfulltrúi í Skútustaðahreppi og Helga Sveinbjörnsdóttir gegnir starfi byggingarfulltrúa í Þingeyjarsveit. Guðjón og Helga munu í samstarfi vinna fyrir bæði sveitarfélögin samkvæmt samstarfssamningi milli sveitarfélaganna. Guðjón og Helga mættu á fund sveitarstjórnar Skútustaðahrepps í gærmorgun þar sem þessi mynd var tekin.

Áfram fjármagn í eftirlit á miðhálandinu

Í síðustu viku var árlegur fundur sveitarstjóra á Norðurlandi eystra með Höllu Bergþóru Björnsdóttur lögreglustjóra þar sem farið var yfir verkefni

embættisins á svæðinu á síðasta ári og það sem fram undan er.

Þar kom m.a. fram að lögreglumönnum á svæðinu hefur farið fjölgandi undanfarin ár eftir mikla fækkun eftir hrun. Á fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir 25 m.kr. fjármagni í tímabundnu eftirliti á miðhálandinu sem er fagnaðarefni. Þetta hefur verið gert undanfarin misseri með mjög góðum árangri. Þá bættust við tvær stöður í landamæraeftirlit frá 1. janúar. Á svæði embættisins eru 13 sveitarfélög, fjöldi íbúa rúm 30 þúsund og landsvæðið víðfermt. Í ársskýrslu fyrir síðasta ár kemur fram að málafjöldi embættisins var sambærilegur á milli ára. Á síðasta ári var farið í þrjú umbótaverkefni til þess að mæta þörfum þolenda kynferðisbrota. Síðasti hluti þess verkefnis er að setja þolendamiðstöð á laggirnar en því miður kom ekki fjármagn frá ríkisvaldinu til að koma því verkefni af stað. Þá kom fram að verkefnum vegna ferðamanna fjölgaði talsvert. Þá stefnir í fjölgun á komu skemmtiferðaskipa, þau voru 179 á síðasta ári en stefnir í að þau verði yfir 200 í ár. Einnig munu ferðir Super Break aukast á þessu ári og við bætist millilandaflug frá Hollandi hjá Voigt Travel. Hins vegar er ljóst að flugstöðin er búin að sprengja allt utan af sér.

Tilboð á árskortum í líkamsræktina á laugardaginn

Laugardaginn 26. janúar verður tilboðsdagur í íþróttamiðstöðinni.

Ókeypis verður í líkamsræktina á opnunartíma frá kl. 10:00-16:00.

Tilboð verður á árskortum í líkamsræktina (árskort á 31.000 kr.). Athugið, tilboðið gildir aðeins þennan eina dag.

Lykilkort - Lengri opnunartími:

Hægt er að kaupa LYKILKORT til þess að komast í líkamsræktina utan hefðbundins opnunartíma. Lykilkortið veitir aðgang að líkamsræktinni frá kl. 5.30 á morgnana og til kl. 23.00 (hægt að vera í ræktinni til miðnætis). Með þessu móti er vinnandi fólki, ekki síst þeim sem eru í vaktavinnu, gert auðveldara að sinna líkamsrækt áður en vinna hefst eða að loknum vinnudegi.

Lykilkortið kostar 3.000 kr. en þegar korti er skilað aftur fást 2.000 kr. endurgreiddar.



Frá sundlauginni á Laugum.

Fyrsta ókeypis rútuferðin í sundlaugina á Laugum á laugardaginn – skráning á skutustadahreppur@skutustadahreppur.is til hádegis á föstudag

Næsta laugardag verður farið í fyrstu ókeypis rútuferðina úr Mývatnssveit í sundlaugina á Laugum.

Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

- Farið er frá hreppsskrifstofu kl. 13.30.
- Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við þjóðveginn.
- Til að vita fjöldann þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudegi fyrir ferðina, á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is – eða með því að hringja í 464 4163 á hreppsskrifstofu.
- Gefa þarf upp fjölda fólks og hvar á að taka fólk upp í rútna á leiðinni ef það fer ekki frá hreppsskrifstofu.

Sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa gert samkomulag um aðgengi barna og ungmenna í Skútustaðahreppi að sundlauginni á Laugum.

- Börn í Skútustaðahreppi á aldrinum 6-16 ára fá ókeypis aðgang í sundlaugina á Laugum á opnunartíma hennar. Nafnalisti með börnum 6-16 ára með lögheimili í Skútustaðahreppi verður í afgreiðslu sundlaugarinnar og þarf að skrá þau inn.
- Nú þegar er ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára. Að öðru leyti vísast til gjaldskrár sundlaugarinnar: https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum_gjaldskra-2019.pdf

Vetraropnunartími sundlaugarinnar á Laugum:

- Mánudaga - fimmtudaga - 07:30 til 09:30 og 16:00 til 21:30
- Föstudaga - 07:30 til 9:30
- Laugardaga - 14:00 til 17:00
- Sunnudaga - Lokað

Rútuferð í sund:

Síðasta laugardag í mánuði býður Skútustaða-hreppur upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur, sem hér segir:

- 26. janúar • 23. febrúar • 30. mars
- 27. apríl • 25. maí

Athugið: Í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er börnum yngri en 10 ára óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklingi 15 ára eða eldri. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.

Við þurfum fleiri svarendur – Könnun um líðan Mývetninga

Verkefni okkar um að efla hamingju íbúa hefur vakið talsverða athygli og verið fjallað um það í fjölmiðlum. Þá hefur Landinn boðað komu sína í Mývatnssveit til að fræðast um verkefnið.

Eitt af mikilvægustu stefnumálum sveitarstjórnar er að stuðla að vellíðan og hamingju íbúanna. Hafin er vinna með það að markmiði að efla þessa þætti. Til að gera þessa vinnu markvissari og geta séð hvort hún skili tilætluðum árangri er fyrsta skrefið að kanna hvernig staðan er í dag.

Það er hægt að mæla hamingju og meta líðan íbúa með viðurkenndum aðferðum. Sveitarfélagið hefur fengið Þekkingarnet Þingeyinga til að leggja fyrir könnun um líðan Mývetninga og munu þau á næstu dögum senda út upplýsingar um könnunina. Það er afar mikilvægt að fá svör frá sem flestum, en niðurstöður verða hafðar að leiðarljósi í þeirri vinnu sem farið verður í á næstu misserum.

Spurningalistinn var unninn með aðstoð frá Embætti landlæknis og með hliðsjón af rannsókn Jóhönnu Jóhannesdóttur í meistararitgerð hennar um heilsu og líðan Mývetninga. Niðurstöður eru órekjanlegar og öll svör eru trúnaðarmál.

Það er einlæg ósk okkar að Mývetningar taki þessu verkefni vel.

Álestur á hitaveitumælum

Kæru Mývetningar. Flestir hafa brugðist vel við um aðstoð við álestur á hitaveitumælum í ykkar fasteign. Erum við þakklát fyrir það. En það myndi hjálpa okkur mikið ef þið sem enn eigið eftir að lesa af mælunum sendið okkur línu.

Takið mynd af hitaveitumælinum, sendið með tölvupósti á netfangið alma@skutustadahreppur.is.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja í tölvupóstinum: Heimilisfang, nafn og kennitala sendanda og hvaða dag lesið er af.

Einnig er hægt að hringja eða koma við á skrifstofunni með sömu upplýsingar ásamt álestri.

HRÓS DAGSINS...

Fær Birkir Fanndal fyrir að lagfæra píanóið í Skjólbrekku í sjálfboðavinnu. Píanó þetta er mikill dýrgripur og því er framlag Birkis mikils virði.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförmu, m.a. fundi vegna Þjóðgarðs á miðhálandinu, í framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Þingeyinga, stýrihóp fjölmennningar, forstöðumanna-fund, með öðrum sveitarstjórum á Norðurlandi Eystra með lögreglustjóra svæðisins, fund fund vegna fráveitumála, með landeigendum, nefndum sveitarfélagsins og margt fleira.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri